

BÓKARKYNNING

BJÖRGUNARKONUR Í ELDLÍNUNNI

11. september sl. voru tíu ár liðin síðan tveimur flugvélum var flogið á turnana tvo í New York. Um þetta ofbeldisverk hefur margt verið skrifað. Hér er kynnt bók um konurnar sem tóku þátt í björgunaraðgerðum í rústunum.

Strax í upphafi fjölluðu dagblöð og sjónvarpsstöðvar um hetjudáð ýmissa björgunarmanna og var gjarnan hampað karlmennskunni sem þeir sýndu af sér. Mikið var gert úr bræðralagi björgunarmanna. Tvær konur á vesturströnd Bandaríkjanna fylgdust með fréttáflutningnum úr fjarlægð og fóru snemma að velta fyrir sér hvort engar konur tækju þátt í björgunarstarfinu. Ekki var svo að sjá í umfjölluninni. Þær gerðu sér þó grein fyrir að þetta gæti ekki staðist. Susan Hagen er sjálf sjúkraflutningamaður og Mary Carouba er félagsráðgjafi og hafði í starfi sínu hitt fjölda kvenna í lögreglu- og björgunarstörfum. Þær hörmuðu þennan fréttáflutning og óttuðust að áratugastarf við að koma fleiri konum í slík störf væri nú fyrir bí. Einnig fannst þeim leitt ef sögur þeirra kvenna, sem hlytu að fyrirfinnast við hlið björgunarkarlanna, myndu gleymast. Nokkrum vikum eftir hryðjuverkin fóru þær því eins og leið lá til New York til að leita kvenhetjunnar uppi.

Úr þessum leiðangri varð til bók þar sem sögur þrjátíu og þriggja kvenna eru sagðar. Þær Susan og Mary fóru af stað án þess að hafa neinar upplýsingar um þátt kvenna en gátu smám saman safnað nöfnum á listann. Að lokum reyndust vera á honum fjórtán lögreglukonur, átta slökkviliðskonur og átta í sjúkraflutningum, flestar þeirra þó



Women at ground zero: Stories of courage and compassion. Höfundar: Susan Hagen og Mary Carouba. Útgefandi: Storybook Press, útgáfustað vantar. ISBN: 978-0-9818149-0-2. Bókin er 312 bls.

undir yfirstjórn slökkviliðs. Að auki var tekið viðtal við konu í Hjalpræðishernum, verkfræðing í hernum og fréttakonu.

Viðtalið við Sue Keane er dæmigert á margan hátt þó að hún hafi verið sérstaklega vel undir það búin að lenda í slíkum aðstæðum. Hún hefur áratuga reynslu af hermennsku og lögreglustörfum og náði að nýta þjálfun sína þannig að hún gat haft stjórn á hræðslunni. Lýsing hennar á hvernig hún varð oftast en einu sinni fyrir höggbylgjum af völdum sprengna í turnunum er mjög átakanleg. Hún ráfaði um húsarústirnar í marga klukkutíma í leit að fólki. Oft munaði mjóu að hún lenti undir braki en

einhvern veginn tókst henni að komast úr þessum raunum án teljandi áverka. Loks voru augu hennar orðin svo full af sóti og ryki að hún var hætt að sjá og þurfti að leita aðstoðar. Tvennt af því sem hún segir endurómar hjá mörgum viðmælendum bókarinnar. Í fyrsta lagi var það sérkennileg reynsla að fara á móti straumnum; fara að húsunum þegar allir voru að flýta sér úr hættunni. Íslenskur blaðamaður sagði það sama í nýlegu útvarpsviðtali. Í öðru lagi hefur hún mikið samviskubit yfir að vera lifandi. Þetta er böll hermansins en einnig þeirra sem lifa af slys. Þó að hún hafi ekki getað vitað við hvaða dyr dauðinn beið er það henni samt erfitt að hugsa til fólksins sem hún sagði að fara í ákveðna átt en sást síðan aldrei aftur.

Samkvæmt upplýsingum, sem höfundur þessarar greinar hefur ekki getað fengið staðfestar, létust ellefu hjúkrunarfræðingar af völdum voðaverksins 11. september. Sumir þeirra drýgðu eflaust ekki neinar hetjudáðir heldur urðu fyrir árás hryðjuverkamannanna eins og aðrir borgarar. Margir hjúkrunarfræðingar tóku einnig þátt í björgunarstarfinu með einum eða öðrum hætti. Flestir tóku á móti slösuðum á sjúkrahúsum en nokkrir voru á vettvangi. Molly Shotzberger frá Hjalpræðishernum segir til dæmis stuttlega frá hjúkrunarfræðingi sem mætti á staðinn og vildi gerast sjálfboðaliði.

Í bókinni er sögð saga Kathy Mazza en hún var hjúkrunarfræðingur. Hún var reyndar hætt störfum sem skurðstofu-hjúkrunarfræðingur nokkrum árum áður og starfaði nú í lögreglulíði hafnaryfirvalda.

Hún hafði náð skjóttum frama og var orðin yfirvarðstjóri og yfirmaður lögreglu-skólans. Við hana var ekki tekið viðtal því að hún átti ekki afturkvæmt. Kathy var kona sem vildi geta gert allt það sem karlmenn gera. Þegar hún útskrifaðist úr hjúkrunarskólanum neitaði hún að bera kappi þar sem karlarnir fengu ekki slíkan búnað. Hún fékk eiginmanninn til að kenna sér að nota keðjusög. Þegar hún heyrði af árásinni á turnana tvo fór hún strax af skrifstofu sinni og beint inn í turn númer eitt. Þegar hún var komin vel inn sá hún að snúningshurð hafði stansað þannig að dyrnar voru fullar af fólki. Hún tók þá upp skammbyssu sína og skaut í rúðurnar þannig að fólkið komst út. Sjónarvottar sögðust hafa séð hana á 26. hæð en hún hefur svo farið niður aftur. Kathy fannst ekki fyrr en í febrúar árið eftir, í anddyri turns númer eitt ásamt fimm öðrum björgunarmönnum og konu í hjólastól. Talið er að þau hafi verið að reyna að koma konunni út þegar sprenging varð.

Áhugavert hefði verið að sjá í bókinni sögu Mariu Reginu Shane en hún er hjúkrunarfræðingur og vinnur enn þá við það í World Trade Center. Hún var í vinnunni 11. september 2001 og einnig 26. febrúar 1993 en þá var líka ráðist á bygginguna. En það er líklega ósanngjarnt að krefjast þess að bókinn fjalli um hana. Hún átti alla tíð að fjalla um lögreglu-, sjúkraflutninga- og slökkviliðskonur þó að nokkrar aðrar hafi fengið að fljóta með. Það væri hins vegar óskandi að einhvern tíma yrði skrifuð bók um þátt hjúkrunarfræðinga í þessum björgunarstörfum.



www.linde-healthcare.is

Fulltrúi nema og nýbrautskráðra hjúkrunarfræðinga

Í lok ágúst var ráðin til félagsins Eyrún Ösp Guðmundsdóttir en hún mun í 20% starfshlutfalli sinna málefnum hjúkrunarnema og nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga. Starfi hennar ber heitið „fulltrúi nema og nýbrautskráðra hjúkrunarfræðinga“.



Eyrún Ösp Guðmundsdóttir.

Eyrún Ösp lauk sjálf námi í júní sl. og hefur því ferska reynslu af því að vera hjúkrunarnemi. Hún starfaði áður sem sjúkraliði og náði að vinna á skurðstofunni í Fossvogi og á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi sem hjúkrunarnemi. Hún eignaðist svo barn á nematímanum þannig að starfsreynslan varð stutt. Nú starfar hún sem skólahjúkrunarfræðingur.

Hún sótti um starfið sem fulltrúi nema þar sem henni fannst það mjög spennandi tækifæri að kynna nýju fólk og hafa áhrif innan félagsins. „Mig langar að virkja unga fólkið,“ segir hún. „Mitt hlutverk er að kynna félagið út á við, fá nema og nýútskrifaða að verða virkir í félaginu, koma á fundi og hafa áhrif. Það þarf að breikka rödd félagsins, oft er það bara sömu raddirnar sem heyrast á fundum. Mitt markmið er að fá ungt fólk að taka þátt. Einnig vil ég auka réttindi hjúkrunarnema. Þeir hafa oft unnið mikið við útskrift en hafa ekki kynnt sér réttindi sín.“

Hlutverk Eyrún Aspar er einnig að vera alþjóðatengiliður og taka þátt í samstarfi hjúkrunarnemafélaga á Norðurlöndum. Hún fór á sinn fyrsta fund um miðjan september sl. en þá var rætt um samhæfingu hjúkrunarnámsins á Norðurlöndum og einnig um Bolognasamkomulagið svokallaða.

Eyrún Ösp verður að jafnaði við á föstudögum en hægt er einnig að ná sambandi við hana með tölvupósti. Netfang hennar er eyrun@hjukrun.is.